

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/73/24

frá 9. ágúst 2005

um flokkun eftir nothæfi með tilliti til bruna að því er varðar tiltekna byggingarvörur (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 2925)

(2005/610/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ⁽¹⁾, einkum a-lið 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að setja fram flokka í grunnskjölum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út sem „Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽²⁾“.
- 2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn eldsvoða eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.
- 3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir einni þessara ráðstafana sem felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á nánar tilgreindu svæði með því að draga úr möguleikanum á því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum bruna.
- 4) Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með tilliti til viðbragða við bruna við raunverulega notkun.

- 5) Í samhæfðri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingavara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna ⁽³⁾.
- 6) Þegar um er að ræða tiltekna byggingarvörur er nauðsynlegt að nota flokkunina sem er sett fram í ákvörðun 2000/147/EB.
- 7) Nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar margar byggingarvörur og/eða efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/147/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.
- 8) Vörur hafa verið metnar í tengslum við raunverulega notkun þar sem við á.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin sem uppfylla allar kröfur um „nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna“ án þess að þörf sé á frekari prófunum eru settar fram í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 208, 11.8.2005, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 19.10.2006, bls. 14.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB 62, 28.2.1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB 50, 23.2.2000, bls. 14. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2003/632/EB (Stjtið. L 220, 3.9.2003, bls. 5).

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingavörur og/eða efni, innan flokkunar eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna sem samþykkt var í ákvörðun 2000/147/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. ágúst 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Í töflunni, sem sett er fram í þessum viðauka, eru taldar upp þær byggingarvörur og/eða -efni sem uppfylla allar kröfur um „nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna“ án þess að þörf sé á prófunum.

Tafla 1

FLOKKAR LÍMTRÉS ⁽¹⁾ EFTIR NOTHÆFI MEÐ TILLITI TIL VIÐBRAGÐA VIÐ BRUNA

Efni	Upplýsingar um vöruna	Lágmarksmeðalþéttleiki ⁽²⁾ (kg/m ³)	Lágmarksheildarþykkt (mm)	Flokkur ⁽²⁾
Límtré	Lagskipt límtré í samræmi við EN 14080.	380	40	D-s2, d0

⁽¹⁾ Gildir um allar tegundir og lím sem vörustaðallinn nær yfir.

⁽²⁾ Skilyrt skv. EN 13238.

⁽³⁾ Flokkar sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.

Tafla 2

FLOKKAR SAMLÍMDRA GÓLFEFNA EFTIR NOTHÆFI MEÐ TILLITI TIL VIÐBRAGÐA VIÐ BRUNA

Gerð gólfefnis ⁽¹⁾	Upplýsingar um vöru	Lágmarksþéttleiki (kg/m ³)	Lágmarksheildarþykkt (mm)	Flokkur ⁽²⁾ gólfefnis
Samlímnd gólfefni	Samlímnd gólfefni framleidd í samræmi við EN 13329:2000.	800	6,5	E _{FL}

⁽¹⁾ Gólfefni sem lögð eru laus yfir hvers kyns undirlag úr viði = D-s2, d0 eða hvers kyns undirlag í flokki A2-s1, d0.

⁽²⁾ Flokkar sem settir eru fram í töflu 2 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.

Tafla 3

FLOKKAR FJAÐRANDI GÓLFEFNA EFTIR NOTHÆFI MEÐ TILLITI TIL VIÐBRAGÐA VIÐ BRUNA

Gerð gólfefnis ⁽¹⁾	EN vörustaðall	Lágmarks-massi (g/m ²)	Hámarks-massi (g/m ²)	Lágmarks-heildarþykkt (mm)	Flokkur ⁽²⁾ gólfefnis
Einlitar og mynstraðir línóleum-dúkar	EN 548	2 300	4 900	2	E _{FL}
Ósamsett og samsett gólfefni úr pólývíníklóríði	EN 649	2 300	3 900	1,5	E _{FL}
Gólfefni úr pólývíníklóríði með svamplagi	EN 651	1 700	5 400	2	E _{FL}
Gólfefni úr pólývíníklóríði með korkundirlagi	EN 652	3 400	3 700	3,2	E _{FL}
Þanin (höggdeyfandi) gólfefni úr pólývíníklóríði	EN 653	1 000	2 800	1,1	E _{FL}
Hálfsveigjanlegar flisar úr pólývíníklóríði	EN 654	4 200	5 000	2	E _{FL}
Línóleum á korkundirlagi	EN 687	2 900	5 300	2,5	E _{FL}
Ósamsett og samsett gólfefni úr sléttu gúmmíi með svampundirlagi	EN 1816	3 400	4 300	4	E _{FL}
Ósamsett og samsett gólfefni úr sléttu gúmmíi	EN 1817	3 000	6 000	1,8	E _{FL}
Ósamsett og samsett gólfefni úr upphleyptu gúmmíi	EN 12199	4 600	6 700	2,5	E _{FL}

⁽¹⁾ Gólfefni sem lögð eru laus yfir hvers kyns undirlag úr viði = D-s2, d0 eða hvers kyns undirlag í flokki A2-s1, d0.

⁽²⁾ Flokkar sem settir eru fram í töflu 2 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.

Tafla 4

FLOKKAR TEXTÍLGÓLFEFNA EFTIR NOTHÆFI MEÐ TILLITI TIL VIÐBRAGÐA VIÐ BRUNA

Gerð gólfefnis ⁽¹⁾	EN vörustaðall	Flokkur ⁽²⁾ gólfefnis
Vélofin flosteppi, ekki eldþolin, sem lögð eru á heil gólf og í bútum ⁽³⁾	EN 1307	E _{FL}
Handofin textílgólfefni floslaus, ekki eldþolin ⁽³⁾	EN 1470	E _{FL}
Handofin textílgólfefni með flosi, ekki eldþolin ⁽³⁾	EN 13297	E _{FL}

⁽¹⁾ Gólfefni límd eða lögð laus á undirlag í flokki A2-s1, d0.

⁽²⁾ Flokkar sem settir eru fram í töflu 2 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.

⁽³⁾ Textílgólfefni með hámarksheildarmassa 4 800 g/m², lágmarksflosþykkt 1,8 mm (ISO 1766) og:

- yfirborð úr 100% ull,
- yfirborð úr 80% ull eða meira
- 20% pólýamíð eða minna,
- yfirborð úr 80% ull eða meira
- 20% pólýamíð/pólýester eða minna,
- yfirborð úr 100% pólíamíði,
- yfirborð úr 100% pólýprópýleni og ef undirlag er úr SBR-kvoðu, heildarmassa > 780 g/m². Öll pólýprópýlen-teppi með annars konar svampundirlagi eru undanskilin.